

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um einkennisbúning hrepps- 49
stjóra. — Eptir allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins, framkomnum eptir 24. febr. móttöku brjefs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 28. nóvbr. f. á., hefir hans hátign konunginum hinn 21. f. m. allramildilegast þóknazt að fallast á, að í stað þess einkennisbúnings, er ákveðinn er með allrahæstum úrskurði 21. júlí 1808, og amtmennirnir mega leyfa hreppstjórum þeim að bera, er sjálfir óska þess, megi skipa fyrir um þannig lagaðan einkennisbúning: dökkbláan frakka eða jakka með tvöfaldri röð messingsknappa með hinu venjulega lögreglueinkenni, hönd með auga, samsvarandi yfirhöfn, vesti og buxur, dökkblá lit, vestíð með einni röð messingsknappa, og loks dökkbláa derhúfu flata með tvöföldum gullborða og mjórri snúru grænni ámilli.

Þetta er yður hjermed til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu 50
um hlunnindi handa sparisjóði (Siglufjarðar). — Með brjefi þessu eru sparisjóðnum á 4. apríl. Siglufirði veitt sparisjóðshlunnindi með venjulegum kjörum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu 51
um framfærslu. — Með brjefi, sem hingað hefir borizt beina leið, hefir hrepps- 10. apríl. nefndin í Saudaneshreppi skotið til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, dagsett- um 29. júní f. á., um ágreining milli Saudaneshrepps í Þingeyjarsýslu og Vallahrepps í Sudurmúlasýslu útaf styrk, veittum Baldvin nokkrum Þorsteinssyni.

Máli þessu er svo varið. Um vorið 1893 var Baldvin nokkur Þorsteinsson á ferð vestan úr Núpasveit til heimilis síns, Fagraness, sem er austanvert á Langanesi, en varð þá sturlaður á gedsmununum, svo að hann komst eigi lengra en að Ytra Lóni, sem er vestanvert á Langanesinu. Þar varð að taka hann til gæzlu sökum brjálsemi. Það sjest á skjölum málsins, að konu Baldvins hefir verið gjört advart um þetta, því að 4. maí 1893 beiðist hún þess skriflega af hreppsnefndaroddvitanum í Saudaneshreppi, að hann annist um að Baldvin sje útvegud læknishjálp og adhjúkrnn, með því að hún hafi hvorki kringumstædur eða þrek til að hirða hann, og biður hún oddvita, »yfir höfuð að ráða að öllu leyti fyrir því og framúr því, sem til vandræða horfir með hann«. Samkvæmt þessu virðist nefndur hreppsnefndaroddviti hafa útvegað menn til þess að gæta Baldvins og látið sækja lækni handa honum. Kostnaðurinn við þessar ráðstafanir oddvita hefir verið greiddur af sveitarsjóði með 20 kr. 91 e., er sundurliðast þannig: fyrir fyrirhöfn oddvita við útvega menn til að vaka yfir Baldvin 3 kr., kostnaður við ferð lækni 17 kr. 91 e., en vökumennirnir kröfðust engrar borgunar. Framlags Saudaneshrepps, 20 kr. 91 e., krafðist hreppsnefndin síðan af fæðingarhreppi Baldvins, Vallahreppi í Sudurmúlasýslu, með því að hann, sem veturinu 1892—93 er talinn 48 ára, hafði eptir því, sem ómót-

51 mælt er í málinu, hvergi dvalið nógu lengi eftir 16 ára aldur, til þess að hann
 10. apríl. ynni sjer sveit. Lengst hafði hann dvalið í Saudaneshreppi, nefnilega frá því um fardaga 1883, svo að vantaði um mánaðartíma til þess að hann hefði dvalið full 10 ár þar í hreppi, er hann fjekk hinn umrædda styrk af sveitarsjóði vorið 1893. Vallahreppur hefir neitað greiða þessa upphæð af þeirri ástæðu, að það sje alls eigi sannað, að Baldvin hafi verið þurfandi sveitarstyrks vorið 1893, og yfir höfuð neitað því, að hin umrædda hjálp eða rádstöfun hafi verið nauðsynleg. Þjer hafid og, herra amtmaður, komizt að þeirri niðurstöðu, að hinn umkrafði styrkur geti eigi talizt lögmætur sveitarstyrkur af eptirgreindum ástæðum. Fyrst og fremst hafi kona Baldvins alls ekki beðið um neinn sveitarstyrk, því að, þótt hún biðji oddvita um aðstoð, þá sje ekki þar með sagt að hún hafi óskað að hann tæki borgun fyrir aðstoð sína af sveitarsjóði, heldur virðist miklu líkara til að konan hafi ætlazt til að borgun yrði greidd af eignum manns síns. Í öðru lagi hafi oddvitinn eigi látið neina skodun fram fara á eignum og ástæðum Baldvins, og það sje svo langt frá því að sönnur hafi verið færðar fyrir því, að Baldvin hafi þurft að fá styrk efnanna vegna, að það sje þvert á móti líklegt, að hann hafi þá átt nokkur efni. Í þriðja lagi sjeu engar sannanir færðar fyrir því, að upphæðir reikningsins sjeu rjettilega taldar sveitarstyrkur, þar sem þær sjeu að eins fólgnar í sendiferð til læknis og fyrirhöfn oddvita fyrir að útvega vökumenn, og virðist oddviti enga borgun geta fengið fyrir hana, þar sem eigi sjáist í hverju hún sje fólgin, en það sjáist ekki að ferð eptir lækni hafi eptir atvikum verið nauðsynleg. Hafid þjer því úrskurðað, að umræddar 20 kr. 91 e. sje eigi rjettilega talinn sveitarstyrkur og beri Vallahreppi því eigi skylda til að greiða Saudaneshreppi upphæð þessa.

Jeg verð nú að vera yður samdóma um að þóknun til oddvita fyrir fyrirhöfn hans verði hveinig sem fer að falla burtu; aptur á móti verður það að álitast rjett að læknir var sóttur, samkvæmt síðar framkomnu vottorði hlutað-eigandi læknis. En jeg verð þrátt fyrir það, að vera yður samdóma um það, að kostnaðurinn við læknisferðina, 17 kr. 91 e., verði eigi rjettilega talinn sveitarstyrkur, með því að nauðsynleg rannsókn á efnahag Baldvins hefir eigi fram farið áður en þessi upphæð var greidd úr sveitarsjóði, og það er því eigi sannað, að efnahagur hans hafi staðið svo, að hann hafi þurft sveitarstyrks. Því skal úrskurður yðar í þessu máli standa óraskaður.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

52 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu*
 22. apríl. **um kostnað við barnsfæðing ógiptrar konu.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 18. þ. m., hafid þjer, herra amtmaður, að gefnu tilefni frá sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu beiðzt úrlausnar minnar um það, »hvort hreppsnefndir gætu eigi, þegar þær yrðu að kosta sængurlegu ógiftra kvenna, og barnsmóðurin dæji, heimtað að minsta kosti helming kostnaðarins af manni þeim, er stúlk-an kenndi föstrið eða barnið, eða þá af vistarsveit eða framfærslusveit hans, sam-